



Borgarráð

Lýðræðishátíðin - Fundur fólksins

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samkomulagi við Almannaheill um fund fólksins sem haldinn verður í Reykjavík árlega næstu þrjú árin, næst 2023. Kostnaður vegna þátttöku í verkefninu eru 4,5 m.kr. fyrir árið 2023 og síðan 6 m.kr. hvert ár árin 2024 og 2025. Kostnaðurinn greiðist árið 2023 af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur en kostnaði vegna áranna 2024 og 2025 er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Greinargerð:

Meginmarkmið með samkomulaginu er samstarf og stuðningur við Lýðræðishátíðina, fund fólksins og áhugi á að efla lýðræðislega umræðu í landinu. Nýsamþykkt lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar undirstrikar þann sameiginlega áhuga.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs um tillögu um samkomulag við Almannaheill um Lýðræðishátíðina fund fólksins, dags. 11. apríl 2022.

Samkomulag Reykjavíkurborgar og Almannaheilla um Lýðræðishátíðina – fundur fólksins, drög, ásamt fylgiskjöllum.

Erindi Almannaheilla – Ósk um viðræður um framlengingu á samningi um Lýðræðishátíðina fund fólksins, dags. 17. janúar 2022.



Skrifstofa borgarstjórnar

Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um tillögu borgarstjóra um samkomulag við Almannaheill um Lýðræðishátíðina fund fólksins 2023 -2025

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 7. apríl s.l., var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 8. febrúar 2022, þar sem óskað er umsagnar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um tillögu borgarstjóra um samkomulag við Almannaheill um fund fólksins, sbr. 2. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs sama dag. Einnig var samþykkt meðfylgjandi umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs dags. 2. apríl 2022.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Lýðræðishátíðin Fundur fólksins er komin aftur til Reykjavíkur eftir að hafa verið haldin undir formerkjum LÝSU á Akureyri í nokkur skipti og er það breyting sem Reykjavíkurborg hefur stutt dyggilega við. Stefnt er að því að halda hátíðina í Reykjavík næstu árin og liggur nú fyrir samningur þess efnis. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fagnar því en leggur enn fremur til að tengja hátíðina við eina aðgerð nýsamþykktar lýðræðisstefnu og halda samhliða lýðræðishátíð ungs fólks byggt á fyrirmynd nágrannalandanna. Það væri hægt að hafa fyrsta dag hátíðarinnar á fimmtudegi eða föstudegi tileinkaðan ungu fólki og tengja það við skólana og þeirra tímalínu og takt. Lýðræði unga fólksins var einmitt skýrt þema þegar síðasta hátíð var haldin hér í Reykjavík eftir samtal milli Almannaheilla og Reykjavíkurborgar en það er mælst til þess að það verði fest í sessi í samningi. Er það ávarpað í umsögn ráðsins.

Virðingarfyllst,
Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt:

Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Tillaga borgarstjóra



Reykjavík 2. apríl 2022

MSS22020108

Efni: Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um tillögu borgarstjóra um samkomulag við Almannaheill um Lýðræðishátíðina 2023 - 2025

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fagnar að nú liggi fyrir samningur við Almannaheill árin 2023 – 2025, um að halda Lýðræðishátíð, fund fólksins í Reykjavík.

Ráðið vill tryggja að framkvæmd hátíðarinnar verði í takt við nýsamþykktu lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaráætlun og óskar eftir að eftirfarandi breytingar verði gerðar við samninginn;

2. gr.

Tengiliðir.

Bætt verði við tengilið fulltrúa skóla- og frístundasviðs til þess að tryggja framkvæmd lýðræðishátíðar unga fólksins

Greinin hljóði svo;

2. gr.

Tengiliðir.

Tengiliður Almannaheilla er Jónas Guðmundsson, stjórnarformaður Almannaheilla.

Tengiliðir Reykjavíkurborgar er Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, sérfræðingur á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar og fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

3. gr.

Meginmarkmið.

Bætt verði við greinina, í samræmi við aðgerð 6. í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar verður samhliða haldin lýðræðishátíð unga fólksins. Þar yrði kennurum og nemendum boðið að taka þátt í lýðræðishátíð þar sem fram fer fræðsla um samfélags þátttöku og víðtækt samtal um samfélagsmál og lýðræði.

Greinin hljóði svo;

3. gr.

Meginmarkmið.

Meginmarkmið með samkomulagi þessu er að stuðningur við framkvæmd Lýðræðishátíðarinnar, funda fólksins, sbr. verkefnislýsingu í fylgiskjali I. Lýðræðishátíðin, fundir fólksins er grasrótahátíð sem haldin hefur verið á Íslandi síðan 2015; hún er í anda sambærilegra viðburða sem hafa fest sig í sessi á hinum Norðurlöndunum undanfarna áratugi. Í samræmi við aðgerð 6. í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar verði samhliða haldin lýðræðishátíð unga fólksins. Þar yrði kennurum og nemendum boðið að taka þátt í lýðræðishátíð þar sem fram fer fræðsla um samfélags þátttöku og víðtækt samtal um samfélagsmál og lýðræði.

Reykjavík, 8. febrúar 2022

MSS22020108

Efni: Lýðræðishátíð - Fundur fólksins

Meðfylgjandi tillaga borgarstjóra dags, 8. febrúar 2022, um samkomulag við Almanaeill um Lýðræðishátíðina – fund fólksins er send mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráði til umsagnar.

Viktoría Júlía Laxdal

Verkefnastjóri, skrifstofu borgarstjórnar

Ráðhúsi Reykjavíkur, Vonarstræti 11, 101 Reykjavík

Samkomulag um Lýðræðishátíðina, fundi fólksins

1. gr.

Aðilar samkomulags

Reykjavíkurborg, kt. 5302697609, og Almannaheill, samtök þriðja geirans (hér eftir nefnd Almannaheill), kt. 520908-0640, gera með sér eftirfarandi samkomulag:

2. gr.

Tengiliðir.

Tengiliður Almannaheilla er Jónas Guðmundsson, stjórnarformaður Almannaheilla. Tengiliðir Reykjavíkurborgar eru Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, sérfræðingur á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar og fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

3. gr.

Meginmarkmið.

Meginmarkmið með samkomulagi þessu er að stuðningur við framkvæmd Lýðræðishátíðarinnar, funda fólksins, sbr. verkefnislýsingu í fylgiskjali I. Lýðræðishátíðin, fundir fólksins er grasrótahátíð sem haldin hefur verið á Íslandi síðan 2015; hún er í anda sambærilegra viðburða sem hafa fest sig í sessi á hinum Norðurlöndunum undanfarna áratugi. Í samræmi við aðgerð 6. í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar verði samhliða haldin lýðræðishátíð unga fólksins. Þar yrði kennurum og nemendum boðið að taka þátt í lýðræðishátíð þar sem fram fer fræðsla um samfélags þátttöku og víðtækt samtal um samfélagsmál og lýðræði.

4. gr.

Forsendur samkomulags.

Reykjavíkurborg greiðir Almannaheillum kr. 4.500.000 fyrir árið 2023 og síðan kr. 6.000.000 á árunum 2024 og 2025 með hliðsjón af kostnaðaráætlun verkefnisins, sbr. fylgiskjal II með samkomulagi þessu. Fjárhæðin greiðist í tvennu lagi 1. maí og 1. október ár hvert. Upphæðirnar verða greiddar inn á reikning Almannaheilla nr. 0336-26-062090.

5. gr.

Ábyrgð Almannaheilla.

Almannaheill ber ábyrgð á framkvæmd og umsýslu við það verkefni sem samkomulag þetta tekur til og sér til þess að það fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Framkvæmd hátíðarinnar taki mið af reglum sóttvarnarlæknis um samkomutakmarkanir þegar hún er haldin. Gerð er krafa um að lögð verði fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.

Almannaheillum er óheimilt að:

- Afhenda, án skriflegs samþykkis Reykjavíkurborgar, réttindi sín og skyldur samkvæmt samkomulagi þessu, í hendur þriðja aðila.
- Framselja greiðslur skv. samkomulagi þessu, án skriflegs samþykkis Reykjavíkurborgar, til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

6. gr.

Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna.

Merki Reykjavíkurborgar skal vera sýnilegt á kynningarefni er varðar viðburðinn, eftir því sem unnt er. Fyrir lok október ár hvert skal skila Reykjavíkurborg greinargerð um framkvæmd Lýðræðishátíðarinnar, funda fólksins það ár og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun. Almannaheill skilar þeim upplýsingum sem kallað er eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar. Einnig skal skilað öllum upplýsingum sem kallað er eftir vegna eftirlits með framkvæmd samkomulagsins. Reykjavíkurborg hefur heimild til að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samkomulagsins eða fela öðrum að gera slíkt.

7. gr.

Vanefndir og meðferð ágreiningsmála.

Almannaheill tilkynnir tafarlaust ef talinn er vafi á að takist að uppfylla skyldur samkvæmt samkomulaginu. Jafnframt skal greint frá úrræðum sem mögulega verði gripið til. Reykjavíkurborg er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur séu skyldur ekki uppfylltar samkvæmt samkomulagi þessu.

Samkomulag þetta lýtur íslenskum lögum. Rísi ágreiningur út af samkomulagi þessu, tilurð þess, efni eða öðrum atvikum því tengdu, skulu aðilar leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi í sameiningu. Takist aðilum ekki að leysa ágreining skal fara með málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr.

Gildistími samkomulags.

Samkomulag þetta gildir frá undirritun til 31. desember 2025. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samkomulagsins eða samkomulagið í heild verði tekið til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.

Óski annar hvor aðila eftir að segja samkomulaginu upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

9. gr.

Undirritun.

Af samkomulagi þessu skulu gerð tvö samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samkomulagsins. Eitt eintak skal vera í vörslu Reykjavíkurborgar og eitt eintak í vörslu

Almannaeið. Samkomulag þetta er undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta er votta um rétta dagsetningu, fjárræði og undirskrift aðila.

Reykjavík, [Dags.]

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Almannaeið

Vottar að réttri undirskrift:

Nafn og kt.

Nafn og kt.

Fylgiskjal I: Verkefnalýsing.
Fylgiskjal II: Fjárhagsáætlun.

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 25. mars 2022

Verkefnislýsing Lýðræðishátíðarinnar—funda fólksins

Í framhaldi af erindi Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, til formanns Mannréttinda, nýsköpunar og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar dags. 16. janúar s.l., þar sem óskað var eftir þriggja ára framlengingu samnings Reykjavíkurborgar og Almannaheilla um stuðning við Lýðræðishátíðina, fund fólksins, og svari borgarritara dags. 9. mars 2022, senda Almannaheill hér með verkefnislýsingu og kostnaðaráætlun vegna hátíðanna á komandi árum.

Fyrri samningur Almannaheilla og Reykjavíkurborgar var undirritaður 17. ágúst 2020 og gildir til 31. desember 2022.

Almannaheill gerðu fyrst samkomulag við velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg um stuðning við Fund fólksins árið 2016. Almannaheill hafa frá þeim tíma haft umsjón með hátíðinni og munu áfram gegna því hlutverki. Hátíðin hefur frá 2020 gengið undir heitinu Lýðræðishátíðin—fundir fólksins. Almannaheill vonast til að gengið verði frá stuðningssamningum á næstunni. Öllum fjárhagslegum stuðningi ríkis, borgar og Norræna hússins verður varið til framkvæmdarinnar. Gert er ráð fyrir að grasrótarsamtökin Norræna félagið, sem hafa frá upphafi verið einn af máttarstólpum hátíðarinnar og ræktað tengsl við svipaðar hátíðir á öðrum Norðurlöndum, sjái um framkvæmd hátíðarinnar.

Hátíðin hingað til

Eins og farið var yfir í greinargerð til Reykjavíkurborgar (dags. 31. október 2021) og lokaskýrslum um hátíðir síðustu ára urðu Lýðræðishátíðarnar 2020 og 2021 fyrir skakkaföllum vegna Covid-veirufaraldursins. Var því miður ekki hjá því komist, enda var beinlínis tiltekið í samningi Almannaheilla og Reykjavíkurborgar frá 2020 að **“Framkvæmd hátíðarinnar taki mið af reglum sóttvarnarlæknis um samkomutakmarkanir þegar hún er haldin.”** Haustið 2021 tókst, þrátt fyrir 50 manna samkomutakmarkanir, að halda 38 viðburði, sem fóru fram dagana 3. og 4. september í 6 sölum á þrem stöðum í Vatnsmýrinni, aðallega þó í Norræna húsinu. Mörgum viðburðum var streymt og eins og segir í skýrslu um hátíðina og munu samtals 12.100 manns hafi tekið þátt í hátíðinni með einum eða öðrum hætti.

Nú þegar öllum samkomutakmörkunum hefur verið aflétt í landinu standa vonir til að þátttakan verði enn meiri í haust, á síðustu hátíðinni innan núgildandi stuðningssamnings á milli samtakanna og borgarinnar.

Útlínur næstu hátíða

Hugmynd Almannaheilla er sú að halda hátíðina að þessu sinni í haust og á næstu árum í Vatnsmýrinni í Reykjavík og nágrenni. Dagskráratriði fari fram í Norræna húsinu og nærliggjandi byggingum. Stjórnendur Norræna hússins hafa boðið fram aðstöðu og ráðgjöf. Atriðin verði með fjölbreyttu sniði, allt frá hefðbundnum fundum og málþingum til listtengdra viðburða. Leitað verði eftir samstarfi við aðila úr mörgum áttum, svo sem til félagasamtaka, stjórnmalaflokka, verkalyðshreyfingarinnar, grasrotarhreyfinga, atvinnulífsins, annarra sveitarfélaga, ríkisins og stofnana þess. Dagskráin standi frá miðjum föstudegi í september til síðdegis á laugardegi. Lögð verði áhersla á þátttöku almennings.

Undirbúningshópur Almannaheilla gengur út frá því að lögð verði **sérstök áhersla á aðild ungs fólks að hátíðinni, þátttöku þess í dagskrárliðum og mótun dagskrárinnar**. Ungt fólk hefur látið sífellt meira að sér kveða í lýðræðislegri umræðu, t.a.m. um loftslagsmál. Mikilvægt er að ungt fólk verði virkt í umræðu um aðkallandi málefni sem koma til með að móta framtíð þess. Flest félagasamtök hafa ungt fólk í sínum röðum; misjafnt er að vísu hversu mikið það lætur til sín taka eða hversu verðug verkefni það fær til að glíma við. Ungt fólk tekur sömuleiðis þátt í starfi stjórnmalasamtaka og flokka og hjá Reykjavíkurborg eru starfandi ungmennaráð. Að mati hópsins færi vel á því að ungt fólk setji sterkan svip á lýðræðishátíðina og komi þar á framfæri helstu hugðarefnum sínum.

Hjálögð er kostnaðaráætlun vegna hátíðarinnar haustið 2022. Gert er ráð fyrir að kostnaðaráætlanir hátíðarinnar næstu þrjú árin verði í stórum dráttum með sama sniði og að kostnaðarhækkunum—svo fremir sem þær fari ekki úr böndunum vegna verðhækkana—verði mætt með hagræðingu.

Framkvæmd verkefnisins

Eins og áður hefur komið fram mun Norræna félagið taka að sér umsjón með framkvæmd hátíðarinnar. Lýðræðishátíð eins og hér hefur verið lýst byggir á mörgum framkvæmdaþáttum. Almannaheill hefur skilgreint eftirfarandi framkvæmdaþætti fyrir Lýðræðishátíðina--fundi fólksins:

- Sjá um daglega verkefnisstjórn
- Gera verkáætlun
- Gera kynningaráætlun
- Hvetja félagasamtök, stofnanir og stjórnmalafólk til að taka þátt í hátíðinni
- Raða viðburðum niður í sali og móta dagskrá í samráði við þátttakendur
- Afla nauðsynlegs tæknibúnaðar og annars aðbúnaðar



- Skipuleggja skemmtiatriði
- Gera fjárhagsáætlun og bera ábyrgð á fjármálum
- Afla styrkja og auglýsingatekna
- Stýra verkum starfsmanna og sjálfboðaliða á hátíðinni sjálfriVera andlit hátíðarinnar út á við, kynna hana í fjölmiðla og svara fyrirspurnum áhugasamra um hátíðina
- Gera lokaskýrslu og uppfæra handbók

Lokaorð

Lýðræðishátíðin—fundir fólksins er vettvangur málefnalegrar umræðu fjölda fólks. Hún er leið einstaklinga, félagasamtaka og stjórnmalafólks til að viðra hugmyndir og vekja athygli á hugðarefnum sínum; hún á að opna fyrir samtal aðila sem hafa ekki mörg önnur tækifæri náinna skoðanaskipta.

Grundvöllur samstarfs um hátíðina hefur verið áhugi allra þeirra aðila þeir að henni standa á að efla lýðræðislega umræðu í landinu. Nýsamþykkt lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar, sem leggur áherslu á efla lýðræðislega þátttöku fólks og efna til samtals um mismunandi sjónarmið, bendir eindregið til að samhljómur um þetta markmið sé fyrir hendi. Lýðræðishátíðin—fundir fólksins er dýrmætt tæki til að efla þessa umræðu.

Lýðræðishátíðin fagnar fjölbreytileika mannlífsins og veitir ólíkum hópum rödd til þess að lyfta upp öllum áherslum sínum.

Virðingarfyllst,

f.h. Almannaheilla, samtaka þriðja geirans,

Jónas Guðmundsson formaður

Lýðræðishátíðin--fundir fólksins, september 2022

Skýringar

Tekjur

Styrkur frá ráðuneytum	2.000.000
Styrkur frá Reykjavíkurborg	6.000.000
Aðrir styrkir	2.000.000
Skráningargjald	500.000
Framlag Norræna félagsins	1.500.000
Framlag Norræna hússins	1.500.000
Heildartekjur	13.500.000

Gert ráð fyrir 50 þátttakendum og skráningargjaldi 10.000
í formi aðstöðu og yfirumsjónar
í formi aðstöðu

Gjöld

Laun

Verkefnastjóri	3.400.000
Aðstoðarmaður	900.000
Aukafólk	400.000
Markaðsstjóri	1.000.000
	5.700.000

Um er að ræða "gigg" í 4 mánuði

4 mánuðir 2020. 2021 er hægt að vera með 50% starfsmann í 12 mán

3 mánuðir til aðstoðar

Dagana fyrir og á Fundi fólksins - geta verið sjálfbóðaliðar félagasamtaka sem fá þá greiðslu

Mjög mikilvægt að þetta sé öflugur aðili sem er með alla þræði

Kynningarmál

Uppfærsla heimasíða	300.000
Hönnunarkostnaður auglýsinga	300.000
Ljósmyndari	100.000
Kynningarefni	500.000
Birtingakostnaður	1.000.000
	2.200.000

Aðstaða Norræna félagsins

Starfsstöð starfsfólks	1.440.000
Tölvu- og símakostnaður.	240.000
Annað	120.000
	1.800.000

Norræna félagið leggur til vinnuaðstöðu og tölvur

Leyfiskostnaður og sími

Fundaraðstaða, kaffikostnaður og fleira

Aðstaða Norræna húsinu

Leiga á húsinu í 2 sólarhringa	1.200.000
Tækniaðstoð	200.000
Streymi	400.000
	1.800.000

Norræna húsið leggur til allt húsið og Sali

Tæknimenn og aðkeypt þjónusta

Streymum báða dagana frá viðburði í aðalsal

Aðstaða hjá Háskóla og útitiöld

Leiga á tjöldum með uppsetningu	900.000
Leiga á sölum í nágreinni	200.000
Tækniaðstoð með streymi	900.000
	2.000.000

Heildargjöld 13.500.000